

yðar, að eins og það að yðar hyggju sé vafalaust, að með því að bæði hvalaveiðarnar hafa aðsetur sitt á Seyðisfirði og skipin og útgjörðarmennirnir eiga þar heima, að því leyti sem útgjörðarmennirnir hafa öðlzt borgararétt þar, þá megi til að kaupa leiðarbréf handa skipunum, þegar þau eru höfð til að flytja nokkuð af aflanum til útlanda, eins virðist það auðsætt, að af sömu ástæðum eigi að borga aðkaupsgjald af þessum skipum samkvæmt tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. smbr. 48. gr. og bréf dómsmálastjórnarinnar 22. febrúarmán. 1855.

1867.

3. júlí.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið það, að eins og það leiðir beinlínis af lögunum 15. aprílmán. 1854, að það á að borga hið lögboðna skipagjald af skipum hvalaveiðamannanna Roys og Lilliendahl, þegar þau eru fermd með einhverju af aflanum úr landi, til þess að það síðan verði flutt til útlanda sem kaupvarningur, eins á samkvæmt áður greindum ákvörðunum að heimta aðkaupsgjald af skipunum, ef að þau fyrir fullt og allt eru orðin „dönsk eign“, undir eins og þau eru höfð til nokkurs annars en tiltekið er í tilskipun 1. maímán. 1838 49. gr. staflíð c og d.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um borgun kostnaðarins til fjárvarðarins á Mosfellsheiði sumarið 1865.

6. júlí.

Útaf því, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir skorast undan að taka, samkvæmt áskorun yðar, herra stiptamtmaður, fyrir hönd tæðs umdæmis þátt í kostnaðinum til fjárvarðarins, sem settur var árið 1865 frá Leiruvogum yfir Mosfellsheiði til Þingvallavatns, til þess að stemma stigu fyrir að fjárkláðinn breiddist meir út, hafið þér lagt fyrir stjórnarráðið bréf þau, er farið hafa milli suðurumdæmisins og norður- og austurumdæmisins um málefni þetta, en það eru bréf norður- og austurumdæmisins 21. febrúarmán. og 13. júnímán. 1865 og

1867.

6. júlí.

26. aprílmán. f. á. og bréf suðurumdæmisins 22. aprílmán., 13. maímán. og 21. desembermán. 1865, og hafið þér farið þess á leit í bréfi dagsettu 11. júnímán. f. á., að dómsmála-stjórnin skyldi jafnaðarsjóð norður- og austurumdæmisins með úrskurði sínum til að greiða þriðjung greinds fjárvardarkostnaðar, sem er 571 rd. 37 sk. alls.

Nú er fengin hefir verið skýrsla amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um málið, skal yður svarað á þessa leið:

Þar sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hefir skorað á stiptamtíð í hinu fyrsta bréfi sínu 21. febrúarmán. 1865 að annast um, að fjárvörður verði settur við Skorradalavatn eða á öðrum hentugum stöðvum, þá er sjálfsagt að skilja það svo, að hann fyrir sitt leyti feli stiptamtinu á hendur, sem æðsta embættismanni þar sem ætti að setja vörðinn, að ákveða stöðvar hans, og skuldbindi sig, að svo miklu leyti sem stöðvarnar reynist hentugar, til að gjalda þriðjung kostnaðarins. Stiptamtíð hefir samt ekki undir eins fallizt á uppástunguna um fjárvörðinn, heldur neitar það í bréfi 22. aprílmán. s. á. að verða við áskorun norður- og austuramtsins og kveðst muni gefa henni gaum, ef ástandið versni seinna meir. Þegar stiptamtíð síðan samt sem áður ræður af að setja fjárvörð, og skýrir norður- og austuramtinu frá því 13. maímán. 1865, þá var það ekki byggt á því, að fjárkláðinn hefði breiðzt meir út, þar sem þess þegar er getið í bréfinu 22. aprílmán., að hann sè í Þorlákshöfn, heldur einkum á áskorun sjálfra suðuramtsbúa. Með því að engin sönnun þannig er fyrir því, að ástandið hafi breytzt að neinum mun, milli þess, að hin tvö umgetnu bréf stiptamtsins voru skrifuð, getur stjórnarráðið ekki fallizt á þá skoðun yðar, herra stiptamtmaður, að stiptamtíð í hinu fyrra bréfi sínu hafi fallizt á uppástungu norður- og austuramtsins með skilyrði, en í hinu seinna bréfinu fyrir fullt og allt, og það því síður, sem fjárvörðurinn var settur á heim stöðvum, að sèr í lagi virðist hafa átt að varna því, að sýkin flyttist ekki í þau hëruð í suðuramtinu sjálfu, sem beiðnin um fjárvörðinn var komin úr.

Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, getur stjórnarráðið ekki álitid norður- og austurumdæminu skylt að taka þátt í kostnaðinum til fjárvardar þessa.

1867.

6. júlí.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um útsölu alþingistíðindanna.

25. júlí.

Útaf bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. septembermán. 1865 um, að reglulega skilagrein vantaði fyrir útsölu alþingistíðindanna, hafið þér, herra stiptamtmaður, með bréfi 5. októbermán. f. á. sent hingað bæði yfirlit, sem Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirdóminn, hefir samið um eptirstöðvar alþingistíðindanna frá árunum 1845—59 og af þjóðfundartíðindunum 1851, og skýrslu um yfirlit þetta frá Einarí Bjarnasyni kaupmanni, sem nú er útsölumaður, og hafið þér þar að auki komið fram með ýmsar uppástungur um betri tilhögun þessa málefns eptirleiðis.

Nú er skrifazt hefir verið á við reikningastjórnardeild konungsríkisins um mál þetta, skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjöríð ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt uppástungum yðar, herra stiptamtmaður, fellst á, að ábyrgðin af því, að ekki hefir verið gjörð regluleg skilagrein fyrir útsölu tíðindanna frá alþingi 1845, 1847, 1849 og 1853 og frá þjóðfundinum 1851, megi falla niður, og að eptirstöðvarnar af þessum árgöngum verði taldar og afhentar útsölumanni, gjöri hann svo eptirleiðis skilagrein fyrir eins mörgum exemplörum, og honum á þenna hátt verða fengin í hendur; að gjört sé ráð fyrir, að útsölumanninum, sem nú er, hafi verið fengin í hendur 275 exemplör af alþingistíðindunum 1855, 315 af tíðindunum 1857 og 320 af tíðindunum 1859, en að ábyrgðin af útsölu þessara árganga falli að öðru leyti einnig niður; og að útsölumanninum, sem nú er, beri að standa full skil á öllum exemplörunum, sem prentuð hafa verið af tíðindunum frá alþingi 1861 og úr því.